




Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Endurskoðun stefnu velferðarsviðs á sviði velferðartækni

Maí 2022



Fyrsta heildstæða stefna Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni var samþykkt á fundi borgarstjórnar þann 6. mars 2018. Aðgerðaráætlun til eins árs var samþykkt með stefnunni og stöðumat á henni lagt fram á fundi velferðarráðs til kynningar þann 20. febrúar 2019. Ný aðgerðaáætlun fyrir árin 2020-2021 var gerð í kjölfarið og var stöðumat á þeirri aðgerðaráætlun lagt fram á fundi velferðarráðs 19. janúar 2022.

Á þeim hart nær fjórum árum sem liðin eru frá því að fyrsta stefnan um velferðartækni var samþykkt hefur orðið hröð þróun á sviði velferðartækni og eins og fram kemur í erindisbréfi er orðið tímabært að endurskoða stefnuna.

Stýrihópur um endurskoðun stefnu velferðarsviðs um velferðartækni var skipaður af sviðstjóra velferðarsviðs í janúar 2022. Stýrihópurinn hefur fundað fimm sinnum frá því í janúar 2022. Stýrihópurinn fékk til sín gesti á fundi til þess dýpka skilning hópsins á þeim málefnum sem nýja velferðartæknistefnan skal ná yfir.

Í hópnum sitja:

Elín Oddný Sigurðardóttir, fulltrúi velferðarráðs, formaður.

Kristín Sigurðardóttir, verkefnastjóri í velferðartæknismiðju, starfsmaður.

Sigprúður Guðnadóttir, verkefnastjóri velferðartæknismiðju.

Sanna Magdalena Mörtudóttir, fulltrúi velferðarráðs.

Ellen Jacqueline Calmon, fulltrúi velferðarráðs.

Í erindisbréfi kemur fram að markmið með stofnun stýrihópsins er að endurskoða fyrirbyggjandi stefnu um velferðartækni og móta nýja stefnu til fimm ára ásamt kostnaðarmetinni aðgerðaráætlun til tveggja ára.

Stýrihópnum voru falin eftirfarandi verkefni:

1. Endurskoða og leggja fram nýja stefnu um velferðartækni til fimm ára
2. Leggja mat á þann árangur sem hefur náðst í velferðartæknimálum sl. fjögur ár.
3. Leggja fram kostnaðarmetna aðgerðaráætlun til tveggja ára með skýrri forgangs röðun.

Eftirfarandi gestir hafa komið á fundi stýrihópsins og eru þeim færðar bestu þakkir:

Styrmir Erlingsson, framkvæmdarstjóri rafrænnar þjónustumiðstöðvar 2. mars 2022

Brandur Karlsson, þjónustustjóri Alvicans og stofnandi Frumbjargar 2. mars 2022

Ómar Örn Jónsson, framkvæmdarstjóri velferðartækni hjá Öryggismiðstöðinni 2. mars 2022

Þórhildur Guðrún Egilsdóttir, deildarstjóri skrifstofu öldrunarmála hjá Reykjavíkurborg 9. mars 2022

Helga Péturssyni, formanni Landsambands eldri borgara var boðið á fund 9. mars 2022 en forfallaðist.

1. Inngangur

Fólk lifir lengur og þjóðin er að eldast sem þýðir að samfélagsmynstrið breytist. Framundan eru miklar áskoranir þar sem þörf á heilbrigðisþjónustu eykst. Tækniþróun er hröð og tækifæri hafa skapast með nýtingu á velferðartækni til að veita einstaklingsmiðaðri, skilvirkari og áreiðanlegri þjónustu til þeirra sem þurfa á henni að halda.

Til að bregðast við þessum áskorunum skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar nýta velferðartækni til að auðvelda borgarbúum sem þurfa á stuðningi að halda við að búa á eigin heimili við betri lífsgæði. Sérstaklega verði litið til þarfa eldri borgara, fatlaðs fólks og borgarbúa sem glíma við veikindi þannig að tæknin geri því jafnframt kleift að vera virkari þátttakendur í samfélaginu. Velferðartæknilausnir verði ávallt einn af þeim valkostum sem standa öllum hópum samfélagsins til boða sem hluti af þeirri stuðningsþjónustu sem veitt er.

Velferðartækni vísar til þeirrar tækni sem á einn eða annan hátt bætir lífsgæði einstaklinga. Hægt er að nýta tæknina til þess að viðhalda eða auka öryggi, sjálfstæði, virkni og þátttöku einstaklinga sem getur leitt af sér bætt lífsgæði.

1.1 Leiðarljós

Með velferðartækni er markmiðið að stuðla að aukinni vellíðan, sjálfstæði, öryggi og lífsgæðum borgarbúa til að gera þeim kleift að búa við bestu mögulegu aðstæður á heimilum sínum og ber starfsfólki velferðarsviðs, í samráði við notendur, að finna þær leiðir sem henta hverjum og einum.

1.2 Stefna velferðarsviðs um velferðartækni

1. Velferðartækni skal stuðla að einstaklingsmiðaðri og skilvirkri þjónustu sem er hönnuð út frá þörfum notenda til að takast á við daglegt líf og vera virkir þátttakendur í samfélaginu.
2. Velferðartækni skal stuðla að þátttöku og valdeflingu notenda við að viðhalda eða auka eigin heilbrigði og lífsgæði.
3. Nýting velferðartækni er ekki ætlað að koma í stað mannlegra samskipta starfsfólks og notenda eða heimsóknna þar sem þess er þörf.
4. Velferðartækni skal stuðla að fjölbreyttri og sveigjanlegri þjónustu sem miðar að einstaklingsmiðuðum þörfum og tryggja skal markvisst og reglulegt samráð við notendur og aðra hagsmunaaðila.

5. Velferðartækni skal stuðla að því að auka tengingar milli þjónustueininga innan sem utan borgarinnar og styðja við samþætta þjónustu með þarfir notenda að leiðarljósi.
6. Velferðartækni skal auðvelda samskipti notenda, aðstandenda og starfsfólks.
7. Velferðartækni skal auka aðgengi, viðbragðssnerpu og einfaldleika þjónustunnar og auðvelda starfsfólki að veita örugga og faglega þjónustu á grundvelli áreiðanlegra gagna.
8. Velferðarsvið skal prófa og innleiða tæknilausnir sem styðja við faglegt, öruggt og nútímalegt starfsumhverfi.
9. Starfsfólki skal veitt svigrúm til að taka þátt í prófunum og innleiðingu á velferðartækni og hvetja skal markvisst til frumkvæðis, sérhæfingu og valdeflingu starfsfólks á sviði nýsköpunar og tækni.
10. Tryggja skal öryggi við notkun velferðartækni, með markvissri fræðslu, þjálfun og kynningu þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa notenda, aðstandenda og starfsfólks.
11. Velferðarsvið skal með markvissum hætti leita nýrra tækifæra í nýsköpun og þróun, m.a. með samstarfi við rannsókn- og háskólasamfélagið, frumkvöðla og fyrirtæki á forsendum velferðarsviðs.
12. Innleiðing velferðartæknilausna skal ávallt tekin til greina sem mögulegur hluti af þjónustunni þegar leysa þarf áskoranir í þjónustu velferðarsviðs.
13. Þær velferðartæknilausnir sem prófaðar eru skal ætíð meta í samræmi við notagildi þeirra, þá þjónustubætti sem þeim er ætlað að leysa og kostnað við þá.
14. Velferðartækni skal stuðla að fyrbyggjandi aðgerðum er snúa að líkamlegri- og andlegri heilsu fólks í þeim tilgangi að fólk geti lifað sjálfstæðu lífi við góð lífsgæði eins lengi og kostur er.

2. Yfirferð yfir árangur sem náðst hefur í velferðartæknimálum sl. fjögur ár

Stöðumat á innleiðingu aðgerðaráætlunar um velferðartækni fyrir árin 2018 og 2019 var kynnt í velferðarráði 20. febrúar 2019 (sjá fylgiskjal 1). Í kjölfarið var önnur aðgerðaráætlun lögð fram fyrir árin 2020 og 2021 og var stöðumat þeirrar aðgerðaráætlunar kynnt í velferðarráði 19. janúar 2022 (sjá fylgiskjal 2). Í þessum kafla mun stýrihópur leggja mat á þann árangur sem náðst hefur í velferðartæknimálum sl. fjögur ár og með því leggja fram tillögur að því sem næsta aðgerðaráætlun skal ná yfir.

2.2 Mat stýrihópsins á árangri, framtíðarsýn og tillögur fyrir aðgerðaráætlun

2.2.1 Áframhaldandi þróun

Það er mat stýrihópsins að árangur aðgerða Velferðartæknismiðju á síðustu fjórum árum sé fullnægjandi. Einstaka aðgerðum er að fullu lokið og aðrar komnar í viðunandi ferli eða eru hluti af stöðugri þróun (sjá fylgiskjöl 1 og 2).

- *Tryggja þarf áframhaldandi þróun starfseminnar, byggja ofan á þá þekkingu sem hefur skapast og auka samlegðaráhrif milli annarra úrræða innan borgarinnar.*

2.2.2 Starfsumhverfi Velferðartæknismiðju

Það hefur ýmislegt áunnist varðandi uppbygging á starfsemi Velferðartæknismiðju sem má draga lærdóm af til framtíðar. Smiðjan hefur verið staðsett á þremur mismunandi starfsstöðvum undanfarin fjögur ár og hafa ítrekaðir flutningar vafalaust haft áhrif á starfsemina. Mikilvægt er að tryggja starfseminni húnæði til lengri tíma en með yfirfærslu smiðjunnar til Rafrænnar þjónustumiðstöðvar, sem tók gildi í apríl 2022, skapast tækifæri til að efla starfsemina enn frekar. Með uppbyggingu verkferla og tæknilegra innviða síðustu fjögur ár, hefur verið lagður grunnur að starfsumhverfi sem styður við innleiðingu tækninýjunga. Markvisst hefur verið unnið að því að byggja upp starfsumhverfi og tækniferla sem styðja við nýsköpun og þróun. Hins vegar hefur starfsemi smiðjunnar að mörgu leiti verið sjálfstæð eining innan velferðarsviðs og sú þekking sem hefur skapast ekki verið nægilega vel innleidd inn í almenna starfsemi sviðsins.

- *Tryggja þarf velferðartæknismiðjunni húnæði til lengri tíma sem gerist vonandi nú við sameiningu smiðjunnar við Rafræna þjónustumiðstöð og flutning í Borgartún.*

2.2.3 Árangursmat og mælikvarðar

Í heildina hefur Velferðartæknismiðjan staðið fyrir prófunum á um 11 tæknilausnum, en undanfarin tvö og hálft ár hefur nær eingöngu verið áhersla á tæknilausnir í heimaþjónustu. Aðrar tæknilausnir sem prófaðar voru fyrir þann tíma hafa ekki verið að fullu innleiddar í rekstur. Þjónusta með skjáheimsóknum og sjálfvirkum lyfjaskömmtum eru þau verkefni sem lengst eru komin og mikil tækifæri að byggja ofan á þá þekkingu sem skapast hefur, m.a. varðandi öryggismál, verkferla, þróun og innleiðingu tækninnar. Meðfram öllum prófunum er framkvæmt reglulegt árangursmat og árangursmælikvarðar skilgreindir í upphafi verkefna. Æskilegt væri að gera þessar upplýsingar sýnilegri fyrir hagsumaaðilum.

- *Mikilvægt er að leggja áherslu á skilgreiningu árangursmælikvarða snemma í prófunarferlinu og mikilvægt er að gera þessar upplýsingar sýnilegar fyrir hagsmunaaðilum.*

2.2.4 Sameining VTS við Rafræna þjónustumiðstöð

Með auknum úrræðum smiðjunnar innan Rafrænnar þjónustumiðstöðvar mun skapast tækifæri til að prófa og innleiða velferðartækni sem nýtist á fleiri starfsstöðvum / þjónustupáttum velferðarsviðs. Leggja þarf áherslu á að samræmi sé á milli verkefna og að þekking innan smiðjunnar verði almennt nýtt í uppbyggingu á stafrænum lausnum innan sviðsins.

- *Leggja skal áherslu á að velferðartæknismiðja sameinist rafrænni þjónustumiðstöð á árangursríkan hátt og sú yfirgripsmikla þekking sem velferðartæknismiðja hefur skapað sér nýtist við uppbyggingu stafrænna lausna innan sviðsins.*

2.2.5 Kynningarstarf og upplýsingar

Mikilvægt er að halda áfram að kynna möguleika með velferðartækni og starfsemi smiðjunnar. Velferðartæknismiðjan er nú með vefsvæði á vef borgarinnar sem þarf markvisst að uppfæra, en vegna uppsetningu á nýjum vef var smiðjan ekki með sér svæði inn á vefnum fyrr en í apríl 2022. Mikilvægt er að kynna eldri borgurum og öðrum borgarbúum fyrir notkun velferðartækni. Tæknilæsisnámskeiðin hafa reynst mjög vel varðandi það að efla eldri borgara við að nýta sér spjaldtölvur í daglegu lífi. Byggja mætti ofan á þá þekkingu sem þar hefur skapast. Til dæmis mætti leggja aukna áherslu á notkun velferðartækni, sérstaklega varðandi forvarnir í samræmi við verkefni smiðjunnar á sviði heilsueflingu aldraðra.

- *Leggja skal áframhaldandi áherslur á að kynna borgarbúum fyrir velferðartækni og þeim möguleikum sem hún býður upp á, eins skal tryggja aðgengi að upplýsingum um þá velferðartækniþjónustu sem í boði er.*
- *Lagt er til að aukin áhersla verði á notkun velferðartækni í forvarnarskyni, s.s. við heilsueflingu aldraðra*

3. Aðgerðaáætlun

Mat stýrihópsins á árangri hér að ofan leggur grunn að því sem aðgerðaáætlun skal innihalda. Aðgerðaáætlun verður gerð með aðstoð velferðarsviðs þegar ný stefna á sviði velferðartækni hefur verið samþykkt.